

**1915 nr. 33 3. nóvember****Lög um verkfall opinberra starfsmanna<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> Lög þessi ná ekki til þeirra, sem heimilt er að gera verkfall skv. l. 94/1986, sbr. 14. gr. þeirra laga.

■ **1. gr.** Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta [sektum eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>, eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 144. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1983, 1. gr.

■ **2. gr.** Hver sá, er hvetur eða tærir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta

[sektum eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 144. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1983, 1. gr.

■ **3. gr.** Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, ...<sup>1)</sup> enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 1. gr.

■ **4. gr.** Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tærir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, ...<sup>1)</sup> enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 1. gr.

■ **5. gr.** ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/1991, 194. gr.